

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn mánudaginn 16.september 2013 kl. 17.30 að Glerárgötu 26



Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Áslaug Kristjánsdóttir, Ármann Ketilsson, Hörður Sigurgarðarson og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.

1. Langtímaáætlun og framtíðarsýn

Rædd var framlag ÍBA og aðildarféлага til langtímaáætlunar Íþróttaráðs. Staðan á samstarfssamningum við félögin var einnig rædd en gerðir hafa verið 5 ára samningar við nokkur félög. 9 félög hafa svarað beiðni ÍBA um framtíðarsýn sína og áætlanir. Ákveðið var að gera samantekt yfir félögin, flokkuð eftir stöðu í mannvirkjum, m.t.t. stöðu rekstrarsamninga. Einnig væntinga í mannvirkjamálum t.d. bardagaíþróttir á einum stað, yfirbyggð sundlaug og útiaðstöðu fyrir bogfimi og tennis.

Einnig var ákveðið að stefna á fund með formanni ÍRA og íþróttafulltrúa við fyrsta tækifæri til að skila hugmyndunum.

2. Málþing ÍBA

Farið var yfir þau atriði sem liggja fyrir á málþingi ÍBA föstudaginn 15.nóvember. Stjórn var sammála um að gott væri að fara að kynna þetta fljótlega og senda á félögin og leggja að þeim að kynna innan sinna raða og skora á þau einnig að senda starfsmenn. Samþykkt var að leita til Ágúst Þórs Árnasonar um að stjórna málþinginu.

3. Húsnæðisstyrkir

Tvær greinar óska eftir styrk til leigu húsnæðis, KFA og Keiludeild Þórs.

Málið var rætt og möguleikar til að verða við þessum óskum. Einnig var rætt um að gott væri að útbúa viðmiðunarreglur um fjárúthlutanir til húsaleigu.

4. Önnur mál

Pröstur sagði frá stöðunni á ritun Íþróttasögu Akureyrarbæjar. Það virðist hafa orðið misskilningur um erindið sem sent var til Bæjarstjórnar, sem var túlkað að um sögu ÍBA væri að ræða ekki Akureyrarbæjar. Ákveðið var að rétt væri að endurnýja beiðnina og senda aftur styrkbeiðni á KEA og einnig til Samherja. Kominn er rammi um vinnuna og punktar.

Pröstur sagði frá stöðunni á samningum um tíma UFA í Boganum.

Framkvæmdastjóri og stjórn ÍBR hafa óskað eftir að koma í heimsókn. Samþykkt var að bjóða þau velkomin og bjóða t.d. á kynningarfund og bjóða þá ÍRA einnig með. Ath stöðu á kynningarbæklingum.

Erindi barst frá Hömrum, handhnattleiksdeild þar sem óskað var eftir viðbótartímum í Íþróttahöll. Málið var rætt og komist að niðurstöðu um að ekki væri hægt að verða við beiðninni.

Erindi barst frá Draupni um ógreidda rafmagnsreikninga v.húshitunar. Málið var rætt.

Fundi slitið kl. 18.55